

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB.

### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

### 4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

### 5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

### 6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 2011.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1151/2009**

frá 27. nóvember 2009

**um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þáðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/433/EB frá 10. júní 2008 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þáðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu <sup>(2)</sup> var samþykkt til að vernda lýðheilsu eftir að í ljós kom í apríl 2008 að sólblómaolía frá Úkraínu innihélt mikið paraffin úr jarðolíu.
- 2) Yfirvöld í Úkraínu upplýstu þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar um að víðeigandi eftirlitskerfi hefði verið komið á til að tryggja að allar vörusendingar með sólblómaolíu, sem á að flytja út til Bandalagsins, hljóti vottun þess efnis að þær innihaldi ekki svo mikið af jarðolíu að sólblómaolían verði óhæf til manneldis.
- 3) Þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkin hafa metið upplýsingar um þetta eftirlits- og vottunarkerfi og fjallað um þær á fundi fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem haldinn var 20. júní 2008. Komist var að þeirri niðurstöðu að hægt væri að samþykkja þetta eftirlits- og vottunarkerfi.
- 4) Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins stóð fyrir skoðunarferð til Úkraínu frá 16. til 24. september 2008 til að meta eftirlitskerfin sem eru fyrir hendi til að koma í veg fyrir

að sólblómaolía, sem á að flytja út til Bandalagsins, mengist af völdum jarðolíu <sup>(3)</sup>. Skoðunarhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöld í Úkraínu hafi innleitt nýja opinbera eftirlitskerfið til að koma í veg fyrir að jarðolía sé í sólblómaolíu, sem ætlunin er að senda til Bandalagsins, og að fullnægjandi trygging sé fyrir því að eftirlitskerfið þjóni tilgangi sínum. Þessar niðurstöður sýndu þó að rannsókn, sem yfirvöld í Úkraínu framkvæmdu, leiddi ekki í ljós upptök mengunarinnar sem stafar af því að opinber sýnataka og síðari eftirfylgni fór ekki fram.

- 5) Vegna áhættunnar og í samræmi við 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2008/433/EB hafa aðildarríkin haft eftirlit með öllum vörusendingum með sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu, til að sannreyna að í sendingunum sé ekki óviðunandi innihald jarðolíu og að upplýsingar í vottorðinu, sem krafist er, séu nákvæmar. Niðurstöðurnar úr eftirlitinu staðfesta nákvæmni og áreiðanleika eftirlits- og vottunarkerfisins sem yfirvöld í Úkraínu komu á. Allar niðurstöður greininga hafa staðfest að það jarðolíuinnihald, sem fullyrt er um í vottorðinu, er rétt.
- 6) Rétt þykir að kveða á um að taka sýna úr vörusendingum með sólblómaolíu til að kanna hvort jarðolía sé fyrir hendi skuli fara fram í samræmi við ákvæði um sýnatöku sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, 3-MCPD og bensó(a)þýrens í matvælum <sup>(4)</sup> og alþjóðlega staðlinum ISO 5555:2003 um sýnatöku úr fitu og olíum úr dýra- eða jurtaríkinu.
- 7) Af þessum sökum er rétt að endurskoða gildandi ráðstafanir. Þar eð breytingarnar eru verulegar og ákvæðin gilda beint og eru bindandi í heild sinni skal þessi reglugerð, sem unnt er að endurskoða síðar á grundvelli niðurstaðna úr eftirliti sem aðildarríkin standa fyrir, koma í stað ákvörðunar 2008/433/EB.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 55.<sup>(3)</sup> [http://ec.europa.eu/food/fvo/rep\\_details\\_en.cfm?rep\\_id=2080](http://ec.europa.eu/food/fvo/rep_details_en.cfm?rep_id=2080).<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Gildissvið**

Reglugerð þessi skal gilda bæði um óhreinsaða og hreinsaða sólblómaolíu, sem fellur undir SAT-númer 15121191 eða TARIC-númer 1512199010 (hér á eftir nefnd sólblómaolía) sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð merkir „paraffin úr jarðolíu“ mettuð vetniskolefni á bilinu C10–C56 frá utanaðkomandi gjöfum að undanskildum alkónunum C27, C29 og C31 sem talin eru náttúrulegur þáttur í sólblómaolíu.

3. gr.

**Vottun og fyrirframtílykning**

1. Sólblómaolía, sem flutt er inn í Bandalagið, má ekki innihalda meira en 50 mg af paraffini úr jarðolíu á hvert kíló.

2. Með hverri vörusendingu af sólblómaolíu, sem flytja á inn, skal fylgja vottorð, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, þar sem vottað er að afurðin innihaldi ekki meira en 50 mg af paraffini úr jarðolíu á hvert kíló, og skýrsla um greiningu sem rannsóknarstofa, sem er faggilt samkvæmt EN ISO/IEC 17025 til að greina jarðolíu í sólblómaolíu, gefur út þar sem tilgreindar eru niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningar á því hvort jarðolía er fyrir hendi, mælióvissa í niðurstöðum úr greiningum ásamt greiningarmörkum og magngreiningarmörkum greiningaraðferðarinnar.

3. Vottorðið, sem með fylgir skýrsla um greiningu, skal undirritað af viðurkenndum fulltrúa heilbrigðisráðuneytis Úkraínu.

4. Hver vörusending af sólblómaolíu skal auðkennd með kóða sem skal tilgreindur á heilbrigðisvottorðinu, á skýrslunni um greiningu þar sem niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningu koma fram og á viðskiptaskjölum sem fylgja vörusendingunni.

5. Greiningin, sem um getur í 2. mgr., skal gerð á sýni sem er tekið í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 333/2007 og alþjóðlega staðalinn ISO 5555:2003.

6. Stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda fyrirframtílykningu um áætlaðan komudag

og komutíma vörusendingarinnar á fyrsta komustaðinn, a.m.k. einum virkum degi áður en vörusendingin kemur á staðinn.

4. gr.

**Opinbert eftirlit**

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu hafa eftirlit með því að með hverri vörusendingu af sólblómaolíu, sem flytja á inn, fylgi vottorð og skýrsla um greiningu eins og kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr.

Aðildarríkin skulu taka sýni úr tilteknum vörusendingum, sem valdar eru af handahófi, af sólblómaolíu, sem flytja á inn í Bandalagið, og greina þau til að tryggja að sendingin innihaldi ekki meira en 50 mg af paraffini úr jarðolíu á hvert kíló.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, í gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fôður, um allar vörusendingar sem reynast innihalda meira en 50 mg af paraffini úr jarðolíu á hvert kíló, að teknu tilliti til mælióvissu.

2. Allt opinbert eftirlit, áður en vörusendingin er samþykkt til frjálsrar dreifingar í Evrópubandalaginu, skal fara fram innan 15 virkra daga frá þeirri stundu sem vörusendingin kemur til innflutnings og er aðgengileg til sýnatöku.

5. gr.

**Skipting vörusendingar**

Ekki skal skipta vörusendingum upp fyrr en opinberu eftirliti, sem kveðið er á um í 4. gr., er lokið af hálfu lögbærs yfirvalds.

Ef um er að ræða síðari skiptingu vörusendingar skal afrit af löggiltum fylgiskjölum, sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem sendingunni er skipt upp, skal staðfesta, fylgja hverjum hluta vörusendingarinnar þangað til sendingin fer í frjálsa dreifingu.

6. gr.

**Ráðstafanir ef ákvæðum er ekki fylgt**

Ef ákvæðum sem varða vörusendingar með sólblómaolíu er ekki fylgt skal grípa til ráðstafana í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virt<sup>(1)</sup>.

(<sup>1</sup>) Sjátið. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.

7. gr.

**Kostnaður**

Stjórnandi fæðu- og matvælafræðingisins skal bera allan kostnað sem fellur til vegna opinbers eftirlits, þ.m.t. sýnataka, greining, geymsla og allar ráðstafanir sem gripð er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

8. gr.

**Niðurfelling**

Ákvörðun 2008/433/EB er hér með felld úr gildi.

Lita ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

9. gr.

**Aðlögunarráðstafanir**

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin heimila innflutning vörusendinga með sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, sem voru sendar frá Úkraínu fyrir 1. janúar 2010 þar sem með fylgir vottorðið sem kveðið er á um í 1. gr. ákvörðunar 2008/433/EB.

10. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla Vassilou

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

**Heilbrigðisvottorð fyrir innflutning inn í Evrópubandalagið á sólblómaolíu sem er upprunnin í Úkraínu eða send þáðan.**

Kenninúmer vörusendingar ..... Nr. vottorðs .....

**1. Lýsing á sendingunni**

Heiti og eðli vörunnar: .....

Magn (í viðeigandi einingum): .....

Auðkenni lotu eða dagsetningarkóðun: .....

Framleitt í .....  
(heiti og, eftir því sem við á, staðsetning framleiðslustöðvarinnar)**2. Lýsing á viðtakanda** .....

Nafn innflytjanda eða viðtakanda og samskiptaupplýsingar: .....

**3. Lýsing á sendanda**

Nafn útflytjanda eða sendanda og samskiptaupplýsingar: .....

**4. Flutningatæki**

Sendingarland:

Viðtökuland:

Kröfur, sem skipta máli varðandi flutning og meðhöndlun, þ.m.t. viðeigandi hitastýring:

**5. Vottun**

Ég, undirrituð/undirritaður, lýsi því yfir að sendingin, sem um getur hér að framan, hefur verið prófuð á rannsóknarstofu ..... í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þáðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB. Niðurstöður úr prófunum sýna fram á að innihald paraffíns úr jarðolíu er ekki yfir 50 mg á hvert kíló vörunnar og þar er sanngreindur þáttur paraffínskra vetniskolefna tilgreindur. Niðurstöðurnar, nothæfisviðmiðanirnar og viðeigandi skiljurit þessara prófana eru fest við þetta vottorð.

Gjört í ..... hinn .....

Stimpill og undirritun viðurkennds fulltrúa  
heilbrigðisráðuneytis Úkraínu

.....

Faraldsfræðistofnun sóttvama  
(e. Institution of sanitary epidemiology service)

Undirritun

.....

.....

Staða

Upphafsstafir og kenninafn